

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 7. nóvember 2022 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1) Vormálþing og fundur stóru málnefndarinnar

Sjá fg. stj. ÍM 7/2022. Fundur stóru málnefndarinnar verður haldinn miðvikudaginn 23. nóvember kl. 15 í fundarherberginu Sölvhólsvör sem er á 1. hæð í menningar- og viðskiptaráðuráðueytinu á Sölvhólsögötu 7. Á fundinum verður m.a. rætt um undirbúning málþings um sambýli ensku og íslensku næsta vor.

### 2) Málstefnur sveitarfélaga og skóla

Sjá fg. stj. ÍM 7/2022. Ákveðið var að útbúa 2–4 blaðsíðna leiðbeiningarbækling fyrir um hvað skal hafa í huga við gerð málstefnu. Bæklingurinn er hugsaður fyrir sveitarfélög, skóla, fjölmiðla o.fl. sem vilja setja sér málstefnu. Luciano tók að sér að sjá um grafíska hönnun bæklingins.

### 3) Fjölmiðlastarf stjórnar

Stjórn Íslenskrar málnefndar hefur verið virk í umfjöllum um íslenskt mál í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum í samvinnu við miðilinn Vísi.

### 4) Alþjóðastarf

Steinunn greindi frá fundi netverks norrænu málnefndanna í Drammen í Noregi í ágústmánuði. Netverkið sendi sameiginlega athugasemdir við endurskoðun norrænu tungumála-yfirlýsingarinnar í apríl. Þar sem engin viðbrögð bárust við athugasemdunum sendi netverkið ítrekun. Norrænu málnefndirnar og norrænu iðorðasamtökin Nordterm halda sameiginlega ráðstefnu í Stokkhólmi 14.–15. júní á næsta ári. Yfirskrift ráðstefnunnar er „[Terminologi i samhällets tjänst](#)“.

Steinunn og Ari Páll Kristinsson tóku bæði þátt í [árlegri ráðstefnu EFNIL](#) í október á netinu. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var Language and Migration.

**5) Önnur mál**

- a. Á fundinum var spurt um hvort svar hefði borist við bréfi sem Íslensk málstöð sendi 29. ágúst til ráðuneyta um stöðu íslenskrar tungu í landbundnum vörumerkjaskráningum, sjá fg. stj. ÍM 6/2022. Ekkert svar hefur enn borist við bréfinu.
- b. Áætlað er að næsta hefti af vefritinu Málfrægnum komi út 16. nóvember.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:45.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.